

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fimm aðgerðir í menntamálum

Borgarstjórn samþykkir að ráðast í eftir farandi aðgerðir í þágu menntamála í Reykjavík:

1. Samræmd próf tekin aftur upp

Frá og með vorinu 2026 verði samræmd próf lögð árlega fyrir þrjá árganga í sérhverjum grunnskóla Reykjavíkur, einn árgang á yngsta stigi, einn árgang á miðstigi og einn árgang á efsta stigi. Samræmt lokapróf verði jafnframt lagt fyrir alla nemendur í 10. bekkjum grunnskólanna. Niðurstöður prófanna varpi ljósi á hvernig nemendum hefur tekist að tileinka sér sem flesta þætti aðalnámskrár og tryggji auknið jafnræði og gagnsærri endurgjöf fyrir nemendur, foreldra, skóla og menntayfirvöld.

2. Námsmat byggt á talnakvarðanum 1-10

Reykjavíkurborg leiti samstarfs við mennta- og barnamálaráðuneytið um heimildir til að byggja námsmat aftur á talnakvarðanum 1-10 enda áreiðanlegra fyrirkomulag sem reynst hefur skiljanlegra fyrir kennara, foreldra og nemendur. Námsmat í núverandi námskrá, byggt á litakóðum, táknum eða bókstöfum, er illskiljanlegt og mikil eftirspurn eftir breytingum.

3. Símalausir skólar

Grunnskólar Reykjavíkur verði símalausir. Skólinn á að vera griðastaður nemenda hvað utanaðkomandi áreiti varðar. Félagsfærni hefur farið mikið aftur en hún byggist á þjálfun. Nemendur tala miklu minna saman og hefur staðan ýtt undir einmanaleika, depurð og kvíða. Snjallsíminn er líklegasta breytan í þessu samhengi. Aðstaða til að geyma síma frá upphafi til loka skóladags þyrfti að vera til staðar í skólum.

4. Móttökudeildir fyrir börn sem eru nýflutt til landsins

Börn sem koma til landsins og ekki tala íslensku taki sín fyrstu skref í grunnskólagöngunni í móttökudeild þar sem öll áhersla er á íslensku og íslenska menningu. Lestrarfærni þeirra verði metin áður en þau hefja nám með sínum jafnöldrum hérlandis. Um væri að ræða brú í takmarkaðan tíma til að skólastarf þeirra og annarra gangi sem best. Markmiðið væri að mæta betur þörfum hvers barns.

5. Skýr markmið um betri árangur í PISA og læsi

Reykjavíkurborg taki forystu í skólamálum á landsvísu og setji sér það markmið að verða meðal fremstu þjóða í PISA könnunum. Allir nemendur sem ekki eru með námslegar hamlanir geti lesið sér til gagns. Unnið verði með gögn og mælanleg markmið í auknum mæli í skólastarfi svo hægt verði að meta árangur.